

1855. 6. júlí. bær einnig að greiða kostnað þann er af þessu leiðir, samkvæmt grundvallarreglunum í áður nefndu frumvarpi, og vildi jeg því, um leið og jeg hjer með sendi aptur uppdráttinn og ágizkunar-reikninginn, er með fylgði, áður en meira er gjört í þessu efni, biðja herra stiptamtm. að leita álits bæjarstjórnarinnar um allt málið, og einkum um það, hvernig fengið verði fje það sem þarf til að koma þessu á stofn, ef að áður nefndur bær getur borið kostnaðinn, og væntir stjórnin að málið verði sent hingað með þeim athugasemdum, er yður kynni að virðast tilefni til.

11. ágúst. 39. Auglýsing innanríkisstjórnarinnar um að prússnesk skip sjeu undan þegin aukagjaldi því, sem ákveðið er eptir auglýsing 24. marz þ. á. fyrir sum utanríkis-skip, sem sigla til Íslands.

Þar eð fullgyld sönnun er færð fyrir því, að konungsveldið Prússland veiti skipum þegna Danakonungs fullkomid jafurjetti við innlend skip í höfnum Prússaveldis, eru prússnesk skip, sem sigla til Íslands til verzlunar, samkvæmt auglýsing 24. marz þ. á., undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsing.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddg. Stephensen.*

16. ágúst. 40. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skort á nauðsynjavörum.

Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hefur herra stiptamtm. vakið athuga stjórnarinnar á því, að síðan að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi fengu lagagildi 1. apríl þ. á., hafi yður vitanlega ekkert útlent skip komið á hafnir þær er lausar eru gefnar, nema eitt spanskt skip, er stórkaupmaður *Knudtson* hefði tekið á leigu og komið hefði til Reykjavíkur,